

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 12634/2024

LJÓSRIT

Reykjavík, 20. september 2024

Margrét Erlendsdóttir
erlendsdottirm@gmail.com

I

Vísað er til kvörtunar yðar 26. febrúar sl., f.h. Sigrúnar Bjarnadóttur, sem beinist að Skeiða- og Gnúpverjahreppi og lýtur að tölvubréfum fyrrverandi sveitarstjóra sem beint hefur verið að Landsvirkjun og Sigrúnu og varða samning sem hún gerði við Landsvirkjun árið 2008 og varðar ráðstöfun lands í hennar eigu. Í kvörtun yðar eru gerðar athugasemdir við téða beiðni sveitarstjórans enda teljið þér samninginn ótengdan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Þá eru í kvörtuninni gerðar athugasemdir við bókun á fundi sveitarstjórnar 6. september 2023 vegna stjórnsýslukæru Sigrúnar og beiðni um frumkvæðisathugun vegna rammksamkomulags frá 2008 á milli sveitarfélagsins og Landsvirkjunar sem innviðaráðuneytinu barst í júní sl. og tilkynnti sveitarfélaginu. Í téðri bókun var jafnframt greint frá samningi Sigrúnar við Landsvirkjun og atriðum í tengslum við hann. Verður ráðið af kvörtuninni að umbjóðandi yðar sé ósátt við efni og framsetningu bókunarinnar að þessu leyti.

Meðferð umboðsmanns á fyrri kvörtun yðar f.h. Sigrúnar um sama efni lauk með bréfi 12. október 2023 (mál nr. 12368/2023) þar sem fram kom að ég teldi rétt að Sigrún leitaði með athugasemdir sínar til innviðaráðuneytisins áður en málið gæti komið til athugunar af hálfu umboðsmanns. Líkt og fram kemur í kvörtun yðar nú liggur fyrir bréf ráðuneytisins 9. febrúar sl. þar sem m.a. kemur fram að það falli utan lögmætiseftirlits þess með sveitarfélögum, sbr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, að sveitarfélög gæti að vönduðum stjórnsýsluháttum. Þar sem athugasemdir yðar snúi fyrst og fremst að því hvort sveitarfélagið hafi gætt að vönduðum stjórnsýsluháttum telji ráðuneytið ekki tilefni til að fjalla formlega að þessu leyti um stjórnsýslu sveitarfélagsins á grundvelli 112. gr. laganna. Eftir að hafa kynnt mér niðurstöðu ráðuneytisins og í ljósi atvika málsins tel ég ekki tilefni til athugasemda við efni hennar. Hefur athugun mín því beinist að téðum vinnubrögðum sveitarstjórnar og framgöngu sveitarstjóra sveitarfélagsins gagnvart umbjóðanda yðar.

II

Í tilefni af kvörtuninni var Skeiða- og Gnúpverjahreppi ritað bréf 15. apríl sl. og sveitarfélaginu veittur kostur á að láta í té skýringar sem það teldi tilefni til. Jafnframt var óskað eftir afriti af öllum gögnum málsins. Í svari lögmanns sveitarfélagsins sem barst umboðsmanni 7. júní sl. kemur m.a. fram að ósk sveitarstjórans fyrrverandi um gögn frá umbjóðanda yðar hafi verið sett fram í lögmatum og málefnalegum tilgangi. Rammasamningur sveitarfélagsins við Landsvirkjun annars vegar og hins vegar samningur Sigrúnar við fyrirtækið hafi verið gerðir með sex daga millibili og báðir varðað gerð Hvammsvirkjunar. Framkvæmdin hafi mikla fjárhagslega þýðingu fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Sveitarstjóri hafi því talið samninga sem gerðir voru vegna framkvæmdarinnar upplýsandi fyrir íbúa sveitarfélagsins auk þess sem samningur Sigrúnar og Landsvirkjunar hefði getað haft þýðingu vegna kæru hennar til innviðaráðuneytisins. Í kærumálinu hafi verið til skoðunar hvort rammasamningurinn bryti gegn réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála. Upphæð greiðslu til Sigrúnar hafi verið líkleg til að hafa áhrif á mat á því álitaeefni. Því hafi verið eðlilegt að kalla eftir samningnum.

Í bréfinu kemur fram að sveitarstjóri hafi ekki gengið harðar fram en eðlilegt gæti talist þar sem látið hafi verið sitja við áskorun. Alvanalegt væri að ítreka slíkar beiðnir með tölvubréfi. Þá hafi engar annarlegar hvatir búið að baki birtingu fundargerðar á heimasíðu sveitarfélagsins heldur vilji til að birta öll gögn er snerta málið.

III

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er hlutverk umboðsmanns að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögnum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnarsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög, vandaða stjórnarsýsluhætti og þær siðareglur sem tilgreindar eru í lögnum.


Eftir að hafa kynnt mér gögn málsins tel ég ekki forsendur til að gera athugasemdir við að sveitarfélagið hafi farið þess á leit við yður að Sigrún afhenti téðan samning þó að einnig sé ljóst að henni hafi verið það alls óskýlt. Hef ég þá í huga að samkvæmt því sem ráðið verður af gögnum málsins og skýringum sveitarfélagsins var beiðnin sett fram í tengslum við umfjöllun sveitarstjórnar um rammasamkomulag þess við Landsvirkjun og lokauppgjör, m.a. í tilefni af stjórnarsýslukæru umbjóðanda yðar til innviðaráðuneytisins og yfirstandandi frumkvæðisathugun af þess hálfu. Var það þannig mat sveitarfélagsins að efni samningsins hefði þýðingu fyrir það mál sem nú er til meðgerðar hjá innviðaráðuneytinu.

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Af framangreindri niðurstöðu leiðir einnig að ég tel ekki tilefni til að gera athugasemdir við að sveitarstjórinn hafi gert grein fyrir samskiptunum á fundi sveitarstjórnar, sbr. fundargerð sveitarstjórnar 6. september 2023. Er þar m.a. horft til þess að sveitarstjórinn átti sæti í sveitarstjórninni þegar umræddur fundur fór fram en samkvæmt 1. mgr. 27. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, á hver sveitarstjórnarmaður rétt á að tekið verði á dagskrá slíks fundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess. Eins og ég hef komið á framfæri í hjálögðu bréfi til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps tel ég þó að það orðfæri sem sveitarstjóri viðhafði í tölvubréfi til Sigrúnar 2. september sl., þar sem færðar voru fram röksemdir fyrir ósk sveitarfélagsins um téðan samning, hafi ekki verið í samræmi við þær kröfur sem vandaðir stjórnsýsluhættir gera um skýrleika og sanngirni í samskiptum sveitarfélags við borgara, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997. Þessi ábending hefur þó ekki áhrif á niðurstöðu mína í málinu að öðru leyti.

Með hliðsjón af framangreindu lýk ég umfjöllun minni um málið með vísan til a-liðar 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997.

Virðingarfyllst,



Skúli Magnússon